

## Fundargerð

11. febrúar 2020 var haldinn 4. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárpings eystra, Rangárpings ytra og Ásahrepps. Fundurinn var haldinn á Hótel Krú í Vík.

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson

Lilja Einarsdóttir

Hjalti Tómasson

Ágúst Sigurðsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Egill Sigurðsson

Einar Freyr Elínarson

Þorbjörg Gísladóttir

Páll Tómasson

Eva Björk Harðardóttir

Arndís Harðardóttir

Fundinn sátu einnig Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson frá RR-Ráðgjöf.

Anton Kári Halldórsson (AKH) setti fund kl. 10:00

1. RR bar upp spurningu um lén fyrir heimasíðu fyrir verkefni. Samþykkt að sækja um lénið svsudurland.is.
2. RR ræddi fyrirkomulag funda
  - a. AKH stýri fundum og EFE ritar fundargerðir.
  - b. Rætt um að gerður verði samskiptasáttmáli fyrir verkefnishópinn.
  - c. Ákveðið að ráðgjafar myndu hitta allar sveitarstjórnir.
  - d. AKH og RR undirbúa fundi og boða til þeirra.
  - e. Stefnt að tveimur fundum í mánuði og áætluð verklok í maí.
  - f. Stefnt að íbúakönnun að verki loknu, í maí.
  - g. Rætt hvort skipa eigi framkvæmdahóp. Ákveðið að verkefnishópurinn haldi áfram að vinna verkefnið og ekki verði skipaður framkvæmdahópur.
  - h. Fyrirkomulag fjarfunda rætt. RR sagði að best væri að hver og einn væri í sér tölvu, þannig væru allir í jafnri stöðu á fjarfundi.
  - i. Ákveðið var að fundir yrðu 1. og 3. föstudag hvers mánaðar. Fjarfundir verði 1-1,5 klst og byrji kl. 9. Staðarfundir byrji kl. 10 og verði á Laugalandi þann 6. mars, Kirkjubæjarklaustri í apríl og á Hellu í maí (8. maí).
  - j. Fundarmenn sammæltust um að formaður AKH yrði í forsvari gagnvart fjölmiðlum.
3. Rætt um heimasíðu og hvaða efni verði sett þar inn.
  - a. Ákveðið að hugsa fram að næsta fundi hver gæti séð um heimasíðuna.

- b. Rætt um að gera grunnupplýsingar aðgengilegar á ensku og pólsku.
  - c. Ákveðið að þau sveitarfélög sem halda verkefninu áfram megi nota heitið „sveitarfélagið Suðurland“.
4. Farinn hringur á fundarmönnum þar sem hver og einn sagði frá sínum væntingum til verkefnisins.
5. RR fór yfir markmið verkefnisins og ræddi um að fulltrúar þyrftu að koma sér saman um hver gætu orðið áherslumál verkefnishópsins.
6. RR kynnti mögulega skiptingu málefna í starfshópa. Hún gæti t.d. orðið:
- a. Stjórnsýsla og fjármál
  - b. Fræðslu- og félagsþjónusta
  - c. Eignir, veitur og fjárfestingar
  - d. Umhverfis- og skipulagsmál
  - e. Frístundir og menning
- Rætt var um að bæta við sérstökum atvinnu- og byggðamálahópi.
7. Næstu skref rædd:
- a. Fylla betur í verkefnis- og kostnaðaráætlun
  - b. Sækja um framlag í jöfnunarsjóð
  - c. Ákveða skiptingu og velja fulltrúa í starfshópa
  - d. Hefja hönnun á heimasíðu. Ákveðið að ræða við Stefnu sem sér þegar um heimasíður sumra sveitarfélaganna.

Fleira ekki rætt og AKH sleit fundi kl. 12:30